



*cutting through complexity™*

# Skattskylda manna heima og að heiman

Námskeið fræðslunefndar FVB

16. október 2012

Guðrún Björg Bragadóttir

Skatta- og lögfræðisvið KPMG



# Umfjöllunarefni dagsins

**Skattskylda erlendra aðila á Íslandi.**

**Erlendir verktakar á Íslandi.**

**Útibú erlendra félaga á Íslandi.**

**Erlendir aðilar og virðisaukaskattur.**

**Skattlagning erlendra launa aðila með lögheimili á Íslandi.**

**Almannatryggingar.**

# Skattskylda

## Ótakmörkuð skattskylda

Skylda til að greiða skatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað.  
Ræðst af heimilisfesti eða dvöl á Íslandi.

## Takmörkuð skattskylda

Skylda til að greiða skatt af tilteknum tekjum.  
Ræðst af uppruna tekna á Íslandi.

# Ótakmörkuð skattskylda manna

- Heimilisfastra á Íslandi.
- Brottluttra innan þriggja ára, nema þeir sanni ótakmarkaða skattskyldu í öðru ríki.
- Sem dvelja á Íslandi lengur en í 183 daga á 12 mánaða tímabili.
- Sem starfa lengur en í 183 daga á 12 mánaða tímabili um borð í skipi eða loftfari skráðu á Íslandi.

# Takmörkuð skattskylda manna

- Störf á Íslandi skemur en í 183 daga.
- Laun frá íslenskum launagreiðanda.
- Þjónusta eða starfsemi á Íslandi.
- Föst starfsstöð á Íslandi.
- Tekjur af íslenskri fasteign.
- Tekjur af lausafé og óefnislegum eignum.
- Arður og söluhagnaður af eignarhlutum í félögum.
- Vaxtatekjur.

# Ótakmörkuð skattskylda lögaðila

Hvers konar félög, sjóðir og stofnanir sem heimilisföst eru á Íslandi, svo og dánarbú og þrotabú.

Heimilisfastur á Íslandi telst lögaðili ef;

- hann er skráður hér á landi,
- telur heimili sitt hér skv. samþykktum sínum,
- raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

# Takmörkuð skattskylda lögaðila

- Þjónusta eða starfsemi á Íslandi.
- Föst starfsstöð á Íslandi.
- Tekjur af íslenskri fasteign.
- Tekjur af lausafé og óefnislegum eignum.
- Arður og söluhagnaður af eignarhlutum í félögum.
- Vaxtatekjur.

# Meginreglan um skattskyldu manna

- 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað hvílir á þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
- Kveðið er á um skattskyldu annarra manna en þeirra sem eru heimilisfastir hér á landi í 2. – 4. tl. 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaganna.
- Þeir sem flytja af landi brott verða að sýna fram á að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt skattskyldum sínum þar.
  - Þessi regla gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
- Þá geta aðilar sem dveljast eða starfa hér á landi lengur en 183 daga verið skattskyldir hér á landi.



# Úrskurðarvald ríkisskattstjóra

- Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi.
- Við ákvörðun á heimilisfesti skal taka mið af ákvæðum lögheimilislaga eftir því sem við á.
- Í 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili er hugtakið lögheimili skilgreint á þá leið að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hafi fasta búsetu.
- Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

# Takmörkuð skattskylda manna – 1. tl. 3. gr. TSL

- **Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum, þótt dvöl þeirra vari í 183 daga eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.**
- Ef maður vinnur hér á landi og fær greidd laun frá erlendu fyrirtæki þá á hann að greiða tekjuskatt af þeim launum hér á landi.
- Ef hann kemur frá landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við þá eru tvö skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að hann sleppi við að greiða tekjuskatt á Íslandi.
  - Hann má ekki dvelja á Íslandi í meira en 183 daga á 12 mánaða tímabili og
  - Launin eru greidd af launagreiðanda sem ekki er heimilisfastur á Íslandi og er ekki með fasta starfsstöð á Íslandi.

# 5. tl. 119. gr. TSL

- Ef tvísköttunarsamningur er ekki fyrir hendi geta menn sem starfa á Íslandi fyrir erlendan launagreiðanda þurft að greiða tekjuskatt bæði á Íslandi og í landinu sem fyrirtækið, sem greiðir launin, er staðsett í.
- Einnig gæti aðili búsettur erlendis sem vinnur fyrir íslenskt félag þurft að greiða skatta bæði á Íslandi og í heimalandinu.
- 5. tl. 119. gr. TSL heimilar ríkisskattstjóra að lækka tekjuskatt manns hér á landi með hliðsjón af skattgreiðslum hans erlendis ef tvísköttunarsamningur er ekki fyrir hendi.

# Takmörkuð skattskylda manna – 2. tl. 3. gr. TSL

- **Allir menn sem njóta frá íslenskum aðilum launa fyrir störf, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlauna, biðlauna, lífeyris, styrkja eða hliðstæðra greiðslna skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.**
- Ef maður, sem býr erlendis, fær laun frá íslensku fyrirtæki ber að greiða tekjuskatt af þeim launum hér á landi.
- Tekjuskattur skal nema 18% af tekjuskattsstofni ásamt útsvari.
- Enginn persónuafsláttur reiknast.
- Tekjuskattur eftirlauna- og lífeyrispega með takmarkaða skattskyldu reiknast þó 37,34% - 46,24% að teknu tilliti til persónuafsláttar.

# Takmörkuð skattskylda – 2. tl. 3. gr. TSL, frh.

- **Ef starfsmaður íslenska fyrirtækisins býr og starfar í landi, sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, á í mörgum tilfellum eingöngu að skattleggja launin í því landi.**
- Viðkomandi starfsmaður þarf að sækja um núll-skattkort til RSK og afhenda íslenska launagreiðandanum.
- Ef íslenski launagreiðandinn er ekki með núll-skattkortið verður hann að halda eftir og skila RSK staðgreiðslu.

# Tvísköttunarsamningar – Föst starfsstöð

## Föst starfsstöð (e. Permanent Establishment)

Hugtakið „föst atvinnustöð“ merkir fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

- a) aðseturs stjórnar fyrirtækis;
- b) útibús;
- c) skrifstofu;
- d) verksmiðju;
- e) verkstæðis og
- f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

# Tvísköttunarsamningar – föst starfsstöð, frh.

Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér skipulagningu, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstoð eða framlag starfsliðs í sambandi við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en tólf mánuði í samningsríki.

# Tvísköttunarsamningar – Launað starf

**Starfslaun sem aðili heimilisfastur erlendis fær fyrir starf sitt skal einungis skattlagt erlendis, nema starfið sé leyst af hendi á Íslandi. Ef starfið er leyst af hendi á Íslandi má skattleggja launin þar.**

**Þrátt fyrir framangreint ákvæði skal endurgjald sem aðili heimilisfastur erlendis fær fyrir starf sem hann leysir af hendi á Íslandi, einungis skattlagt erlendis ef:**

- a) Viðtakandinn dvelur á Íslandi í eitt eða fleiri tímabil sem fara ekki yfir 183 daga á 12 mánaða tímabili og
- b) Endurgjaldið er greitt af vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur á Íslandi og
- c) Endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri starfstöð sem vinnuveitandinn hefur á Íslandi og
- d) Ekki er um að ræða útleigu á vinnuafli.



# Framkvæmdin

**Erlendur launagreiðandi sem telst ekki með fasta starfsstöð á Íslandi er ekki með íslenska kennitölu.**

Erlendi launagreiðandinn getur því ekki skilað staðgreiðslu, tryggingagjaldi eða iðgjaldi í lífeyrissjóð.

**Erlendi launþeginn verður að skrá sig á launagreiðendaskrá RSK, bæði sem launagreiðandi og launþegi og sjá sjálfur um að skila staðgreiðslu og launatengdum gjöldum.**

Eyðublað RSK 5.02 gerir ráð fyrir þessum aðstæðum og hægt er að haka við “erlendis búsettur launagreiðandi” á eyðublaðinu.

**[http://www.rsk.is/media/rsk05/rsk\\_0502.is.pdf](http://www.rsk.is/media/rsk05/rsk_0502.is.pdf)**

# Skráning erlendra manna - EES

Ríkisborgarar EES- ríkja mega koma til landsins án sérstaks leyfis og dvelja eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði áður en lögheimili er skráð og sex mánuði ef viðkomandi er í atvinnuleit.

Að þeim tíma loknum er nauðsynlegt að skrá sig hjá Þjóðskrá Íslands, að því gefnu að skilyrði um framfærslu sé uppfyllt.

Beiðni um skráningu og úthlutun kennitölu til erlends ríkisborgara:

<http://skra.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7833>

Beiðni um skráningu EES-útlendingis í þjóðskrá til lengri tíma en þriggja mánaða: <http://skra.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7831>

# Skráning erlendra manna – utan EES

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES- samningnum þurfa að sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun ef þeir ætla að dvelja lengur en þrjá mánuði á Íslandi.

- Sækja þarf um dvalarleyfið áður en útlendingurinn kemur til landsins

**Þeir sem flytja til landsins vegna atvinnu þurfa að hafa atvinnuleyfi á Íslandi. Fyrsta leyfi er ávallt tímabundið og er veitt útlendingi en er bundið tilteknum atvinnurekanda.**

Atvinnuleyfi verður að hafa verið veitt áður en umsækjandi hefur störf. Undanþegnir atvinnuleyfi eru makar og börn (yngri en 18 ára) íslenskra ríkisborgara

# Tegund atvinnuleyfa

**Það eru nokkrar gerðir af atvinnuleyfum sem hægt er að sækja um fyrir erlenda aðila utan EES svæðisins.**

- Tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar.
- Tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli.
- Tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.

[http://utl.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=83&Itemid=85&lang=is](http://utl.is/index.php?option=com_content&view=article&id=83&Itemid=85&lang=is)

# Upplýsingabæklingar

Handhægar upplýsingar fyrir útlendinga sem flytjast til Íslands er að finna á vef Fjölmenningsseturs. Bæklingarnir eru á ýmsum tungumálum og kallast “Fyrstu skrefin”.

<http://www.mcc.is/tulkun-og-upplysingar/fyrstu-skrefin-upplysingabaeklingur/>

# Erlendir verktakar af EES-svæðinu

Erlendir verktakar sem koma til Íslands til starfa af EES-svæðinu þurfa ekki að sækja um atvinnuleyfi.

Fyrirtæki, þ.m.t. verktakar sem hyggjast veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, skulu veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti, sbr. 8. gr. laga nr. 45/2007:

1. Nafn fyrirtækis.
2. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum fyrirtækisins hér á landi.
3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.
4. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga.
5. Aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir.

# Erlendir verktakar af EES-svæðinu

## *Undanþága frá upplýsingaskyldu fyrirtækis.*

Þegar um er að ræða þjónustu sem felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja og er ekki ætlað að vara lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum þarf fyrirtæki ekki að veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 8. gr. Vari þjónusta fyrirtækisins lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gilda ákvæði laga þessara um starfsemi þess hér á landi.

# Erlendir verktakar utan EES-svæðisins

**Erlendir verktakar utan EES-svæðisins sem koma til Íslands til starfa þurfa að sækja um tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.**

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi, sbr. 23. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga:

- a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
- b. Listamenn.
- c. Íþróttþjálfarar.
- d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
- e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
- f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla.
- g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.



# Þjónusta innt af hendi á Íslandi

Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

**Tekjuskattur aðila sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skal vera:**

18% af greiðslunni ef um menn er að ræða ásamt 14,44% útsvari.

20% af greiðslunni ef um lögaðila með takmarkaða ábyrgð (hf. og ehf.) er að ræða.

36% af greiðslunni ef um lögaðila með ótakmarkaða ábyrgð (sf.) er að ræða.

# Þjónusta innt af hendi á Íslandi, frh.

Íslenskum félögum sem kaupa þjónustu af erlendum aðilum ber að halda eftir og skila afdráttarskatti sbr. framangreint.

Nota skal eyðublað [RSK 5.41](#) við staðgreiðsluskil á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu.

Uppgjörstímabil er almanaksmánuður og gjalddagi vegna liðins mánaðar 1. næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

# Skattlagning erlendra verktaka

**Íslenskt félag sem kaupir þjónustu veitta á Íslandi af erlendum verktaka þarf að halda eftir afdráttarskatti af greiðslu til erlenda verktakans og skila til RSK.**

Afdráttarskatturinn nemur 20%, 32,44% eða 36% og fer eftir félagaformi erlenda verktakans.

**Ef erlendi verktakinn greiðir erlendum starfsmanni sínum laun á meðan hann dvelur við störf á Íslandi þarf að greiða staðgreiðslu og launatengd gjöld af laununum á Íslandi.**

## 15. gr. tvísköttunarsamninga.

Tekjur sem maður heimilisfastur í samningsríki hefur af starfi á eigin vegum eða annarri sjálfstæðri starfsemi skal einungis skattleggja í því ríki. Samt sem áður má skattleggja slíkar tekjur á Íslandi ef:

- a) hann hefur að jafnaði yfir að ráða fastri stöð á Íslandi til þess að leysa af hendi störf sín, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá hinni föstu stöð; eða
- b) hann dvelur á Íslandi í eitt eða fleiri tímabil samtals lengur en 183 daga á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á umræddu tekjuári, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá þeirri starfsemi sem var innt af hendi í hinu ríkinu á umræddu tímabili eða tímabilum.

# Skattlagning erlendra verktaka, tvísköttunarsamningar, frh.

## 7. gr. tvísköttunarsamninga.

Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíka starfsemi með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

# Skattlagning erlendra verktaka, frh.

**Ef erlendi verktakinn kemur frá landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við er hægt að komast hjá skattgreiðslum að mestu.**

**Erlendi verktakinn þarf að sækja um heimild til RSK til nýta ákvæði tvísköttunarsamninga um undanþágu frá afdráttarskatti.**

Sótt er um undanþáguna á eyðublaði [RSK 5.42](#).

**Það er erlendi verktakinn sem þarf að sækja um undanþáguna.**

Staðfesting á skattalegri heimilisfesti verktakans erlendis þarf að fylgja umsókninni til RSK.

**Ef starfsmaður erlenda verktakans er á Íslandi í minna en 183 daga á 12 mánaða tímabili og erlendi verktakinn telst ekki vera með fasta starfsstöð á Íslandi eða reka starfsmannaleigu á Íslandi þarf starfsmaðurinn ekki að greiða skatta á Íslandi.**

# Útibú erlendra félaga á Íslandi

**Erlent félag getur valið að stofna útibú á Íslandi.**

**Ef erlent félag telst hafa myndað fasta starfsstöð á Íslandi er hentugast fyrir erlenda félagið að stofna útibú á Íslandi.**

Útibúið fær þá íslenska kennitölu og getur skilað staðgreiðslu og launatengdum gjöldum erlendra starfsmanna sinna á Íslandi.

Ef um virðisaukaskattskylda starfsemi er að ræða getur útibúið skilað virðisaukaskatti á eigin kennitölu og þarf ekki að vera með vsk.umboðsmann til að skila virðisaukaskattinum.

# Útibú erlendra félaga á Íslandi, frh.

**Útibúið þarf að skila skattframtali á Íslandi vegna starfseminnar á Íslandi.**

Útibúið þarf einnig að skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

**Hagnaður útibúsins er skattlagður á sama hátt og íslensk félög með sama rekstrarform og erlenda félagið.**

Ef erlenda félagið er hlutafélag er hagnaður útibúsins skattlagður með 20% tekjuskatti, ef erlenda félagið er sameignarfélag er hagnaður útibúsins skattlagður með 36% tekjuskatti.

**Skráning útibús erlends félags á Íslandi er gerð hjá Fyrirtækjaskrá RSK og kostar 256.000 kr.**

Tiltölulega auðvelt er að loka útibúi og nægir að senda tilkynningu, undirritaða af stjórn erlenda félagsins til Fyrirtækjaskrár um að rekstri útibúsins sé hætt á Íslandi.



# Erlendir aðilar og virðisaukaskattur

**Erlendir aðilar sem veita þjónustu á Íslandi sem nýtt er að hluta eða öllu leyti hér á landi þurfa að skrá sig á virðisaukaskattsskrá á Íslandi.**

Ef erlendi aðilinn er ekki með fasta starfsstöð á Íslandi þarf viðkomandi að skila virðisaukaskattinum í gegnum vsk.umboðsmann.

- Vsk.umboðsmaðurinn ber ábyrgð á greiðslu virðisaukaskattsins ásamt hinum erlenda aðila.
- Á reikningi erlenda aðilans þarf að koma fram fjárhæð íslensks virðisaukaskatts, nafn og kennitala umboðsmanns og íslenskt virðisaukaskattsnúmer.

# Erlendir aðilar og virðisaukaskattur, frh.

Íslenskur aðili, sem kaupir þjónustu erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi, getur þurft að greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar.

- Þjónustan sem um ræðir er þjónusta sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. virðisaukaskattslaga.

Sama gildir um þjónustu erlends aðila sem veitt er hér á landi, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hér á landi (35. gr. laga nr. 50/1988).

**Þrátt fyrir framangreint ákvæði er aðili sem skráður er á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts.**

# Virðisaukaskattur vegna sölu innlendra aðila til útlanda

**12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.**

**Ef þjónustan er veitt erlendis gildir 12. gr. vsk.laga og veltan er undanþegin íslenskum virðisaukaskatti.**

**Virðisaukaskattsreglur viðkomandi lands gilda.**

**Noregur:**

Ef velta er yfir 50.000 NOK á 12 mánaða tímabili þá þarf viðkomandi að skrá sig á virðisaukaskattsskrá í Noregi.

Ef viðkomandi er ekki með fasta starfsstöð í Noregi þarf hann að fá vsk.umboðsmann í Noregi og skila virðisaukaskatti í gegnum hann.

Ef viðkomandi er með fasta starfsstöð/útibú í Noregi þarf hann líka að vera með vsk.umboðsmann og skila virðisaukaskattinum í gegnum hann.

# Áhrif erlendra tekna á álagningu manna með skattalega heimilisfesti á Íslandi

- Ef maður telst vera með skattalega heimilisfesti á Íslandi ber viðkomandi að telja fram allar tekjur sínar hvar sem þeirra er afluð.
- Ef tekjurnar eru frá landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við og greiddur hefur verið skattur af tekjunum í því landi þá eru tekjurnar almennt ekki skattlagðar á Íslandi.
- Erlendu tekjurnar hafa áhrif á íslenskan persónuafslátt manna.
  - Persónuafslátturinn skerðist í hlutfalli við erlendu launin.
    - Ef erlendu launin er 2 milljónir króna og laun á Íslandi 3 milljónir króna skerðist persónuafslátturinn um  $2/5$  hluta vegna erlendu teknanna.
- Erlendu tekjurnar eru teknar með í tekjustofninn þegar barna- og vaxtabætur eru reiknaðar.
- Ef mælt er fyrir um notkun svokallaðrar “credit-reglu” í tvísköttunarsamningnum þá á Ísland að innheimta mismun á reiknuðum íslenskum skatti og greiddum skatti erlendis.

# Áhrif erlendra tekna á álagningu manna með skattalega heimilisfesti á Íslandi frh.

- Ef tekjurnar eru frá landi sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við eru þær skattlagðar á Íslandi.
- Greiddur skattur erlendis kemur til frádráttar álögðum íslenskum skatti.
  - Ef greiddur skattur erlendis er **lægri** en á Íslandi greiðist mismunurinn í skatt hér á landi.
  - Ef greiddur skattur erlendis er **hærri** en á Íslandi fæst mismunurinn ekki endurgreiddur.

# Almannatryggingar erlendra manna

**Allir sem hafa átt lögheimili á Íslandi í sex mánuði samfleytt, áður en bóta er óskað, eru sjúkratryggðir.**

Þeir sem framvísa viðeigandi vottorðum geta fengið sjúkratryggingu strax við flutning. Skila þarf gildu E-104 vottorði frá sjúkrasamlagi eða tryggingastofnun í fyrra heimalandi til Sjúkratrygginga Íslands eða umboða Tryggingastofnunar ríkisins á landsbyggðinni.

**E-104 vottorð er staðfesting á tryggingar- og starfstímabili í öðru EES-ríki. Sjúkratryggingar Íslands ákvarðar hvort ríkisborgarar EES- ríkja fái flutt réttindi sín til Íslands.**

**Þeir sem ekki geta flutt réttindi á milli landa eða hafa einungis verið tryggðir hjá einkatryggingafélagi þurfa að kaupa sjúkratryggingu hjá váttryggingafélagi sem er með starfsleyfi á Íslandi. Tryggingin þarf að gilda í sex mánuði frá skráningu lögheimilis.**

# Atvinna erlendis og íslenska almannatryggingakerfið

Íslenskir starfsmenn sem fara til starfa innan EES svæðisins fyrir íslenskan atvinnurekanda geta óskað eftir að halda áfram að tilheyra íslenska almannatryggingakerfinu.

Þeir þurfa að sækja um A1 vottorð (hét áður E-101 vottorð) til Tryggingastofnunar ríkisins.

- A1 vottorðið gildir í eitt ár í fyrstu en hægt er að framlengja það í allt að fimm ár.

Til að haldast inni í íslenska almannatryggingakerfinu þarf að greiða tryggingagjald á Íslandi (7,79%) og iðgjald í lífeyrissjóð (8% + 4%).

- Frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna greiðslu 4% iðgjalds í lífeyrissjóð fellur niður þar sem launatekjurnar eru ekki skattlagðar á Íslandi.

- Tryggingagjaldinu er skilað á eyðublaði [RSK 5.26](#).

# Erlendir aðilar á Íslandi – Hvað þarf að hafa í huga?

## Virðisaukaskattur

**Gætu þurft að innheimta íslenskan virðisaukaskatt.**

Skráning á vsk.skrá.

- Vsk.umboðsmaður.
- Útibú á eigin kennitölu.

## Föst starfsstöð – Útibú

Ef erlenda félagið myndar fasta starfsstöð á Íslandi þarf erlenda félagið að skila skattframtali á Íslandi.

Oft hentugast að stofna útibú á Íslandi

## Afdráttarskattur

Gætu þurft að greiða afdráttarskatt af veittri þjónustu á Íslandi.



# Erlendir aðilar á Íslandi – Hvað þarf að hafa í huga?

## Starfsmenn

### • Staðgreiðsla og launatengd gjöld

### • Erlendu starfsmennirnir gætu þurft að greiða staðgreiðslu og launatengd gjöld á Íslandi.

- Skoða þarf hvort í gildi eru tvísköttunarsamningar sem undanskilja skattlagningu á Íslandi
  - Skilyrði að erlendu starfsmennirnir dvelji skemur en 183 daga á Íslandi og að vinnuveitandi þeirra hafi ekki myndað fasta starfsstöð á Íslandi.

### • Skráning

### • Erlendir starfsmenn sem eru frá löndum utan EES þurfa að sækja um atvinnuleyfi á Íslandi áður en þeir koma til Íslands.

### • Erlendir starfsmenn frá EES svæðinu gætu þurft að skrá sig hjá Þjóðskrá.

# Starfsemi Íslenskra aðila erlendis – Hvað þarf að hafa í huga?

## Virðisaukaskattur.

Ef þjónustan er veitt erlendis er líklegt að innheimta þurfi og greiða virðisaukaskatt erlendis.

Það getur annað hvort verið í gegnum vsk.umboðsmann eða í gegnum útibú íslenska félagsins erlendis.

## Skattlagning launa útsendra starfsmanna.

Ef starfsemin fer fram í landi sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við eru laun íslensku starfsmanna skattskyld erlendis frá fyrsta degi.

Launin eru líka skattskyld á Íslandi en hægt er að sækja um núll-skattkort til RSK.

# Starfsemi íslenskra aðila erlendis – Hvað þarf að hafa í huga, frh.?

## Skattlagning launa útsendra starfsmanna, frh.

Ef starfsemin fer fram í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við þarf að skoða hvort félagið telst hafa myndað fasta starfsstöð erlendis eða hvort erlend skattyfirvöld líti svo á að um starfsmannaleigu sé að ræða.

Ef íslenska félagið telst hafa myndað fasta starfsstöð erlendis eru laun íslensku starfsmannanna skattskyld erlendis frá fyrsta degi.

Ef erlend skattyfirvöld líta svo á að um starfsmannaleigu sé að ræða geta laun íslensku starfsmannanna verið skattskyld erlendis frá fyrsta degi.

Ef starfsmennirnir dveljast erlendis í minna en 183 daga í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við og íslenska félagið telst ekki hafa myndað fasta starfsstöð erlendis né að um starfsmannaleigu sé að ræða þá er heimilt að greiða tekjuskatt einungis á Íslandi.

# Takk fyrir

**Guðrún Björg Bragadóttir**

[gbragadottir@kpmg.is](mailto:gbragadottir@kpmg.is)

Skatta- og lögfræðisvið KPMG

